



Íslensku keppendurnir á FYCup fyrir utan hesthúsið að loknu góðu móti í Svíþjóð

Ársskýrsla æskulýðsnefndar LH 2018

Æskulýðsnefnd hefur á að skipa miklum reynsluboltum, en sama fólk hefur skipað nefndina meira og minna undanfarin áratuginn. Nefndarmenn eru Andrea Margrét Þorvaldsdóttir úr Létti, Sóley Margeirsdóttir úr Mána, Stefán Ármannsson úr Dreyra, Svanhildur Jónsdóttir úr Grana auk undirritaðrar. Nefndin hefur fundað eftir þörfum.

Á síðasta starfsári voru helstu verkefni utanumhald og fararstjórn á FEIF Youth Cup sem haldið var í Svíþjóð, undirbúningur leiðtoganámskeiðs, samskipti við æskulýðsnefndir, val handhafa æskulýðsbikars LH, ásamt því að afgreiða þau erindi sem vísað var til nefndarinnar.

FEIF YOUTH CUP Axvalla, Svíþjóð

Þetta árið fóru 9 unglingar frá Íslandi á FYCup sem haldið var í lok júlí í Axvalla sem er miðja vega milli Gautaborgar og Stokkhólms. Í Axvalla er kerrukappreiðabraut, reiðhallir, fjöldi hestahúsa, járningskóli og mikið líf. Þar er einnig veðbanki og eru reglulega stundaðar veðreiðar á staðnum.

Á FYCup eru 78 keppendur frá aðildarfélögum FEIF, að þessu sinni frá 14 aðildarlöndum FEIF. Mótið heppnaðist mjög vel þrátt fyrir mikinn hita alla mótisdagana, en þegar heitast var fór hitinn í 38 gráður en var að jafnaði um og yfir 30 stig. Mörgum þótti nóg um að vera í reiðtímum í þessum mikla hita. Íslensku keppendurnir fengu lánaða hesta eins og vaninn er en vegna hitans gekk það ver en undir venjulegum kringumstæðum. Þau létu það ekki á sig fá, voru ánægð með þá hesta sem þau fengu og nýttu vel alla þá kennslu og fræðslu sem boðið var uppá þá þrjá daga sem nýttir voru

í reiðkennslu. Reiðkennarar á þessu móti voru þau Vigdís Matthíasdóttir, Reynir Aðalsteinsson, Sirpa Brumpton, Eric Brodin og Trausti Þór Guðmundsson, en hann kenndi Tölt in Harmony og er þetta fyrst sinn sem í því er keppt á Youth Cup. Það þóttist takast vel og voru keppendur nokkuð ánægðir með greinina. Einn dagur er frjáls dagur og var þá farið í heimsókn á búgarð þar sem okkur voru sýndir hestar sem búið var að kenna ýmsar kúnstir. Á eftir var slakað á við sjóinn þar sem krakkarnir áttu góða stund áður en sjálf keppnin hófst á fimmtudeginum. Okkar krakkar stóðu sig vel í keppninni eins og íslensku keppendurnir hafa alla jafnan gert.

Hér er listi yfir árangur liðsins á mótinu:

Arna Hrönn Ámundadóttir 4. sæti í gæðingaskeiði og 2. í 100m skeiði

Kristján Árni Birgisson sigraði B úrslitin í Tölti T3 og endaði í 8. sæti einnig varð hann í 6. sæti í Tölt in harmony. Hans lið vann liðakeppnina.

Egill Már Þórsson varð 3. sæti í Tölt in harmony, í 1. sæti í Gæðingaskeiði og í 1. sæti í fimmgangi F2

Dagur Ingi Axelsson varð í 1. sæti í Flag race

Melkorka Gunnarsdóttir varð í 5. sæti í Trail

Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir varð í 2 sæti í Fjörgangi V2 og 5. sæti í tölti T3 og 5. sæti í Tölt in harmony.

Sigrún Högná Tómasdóttir sigraði Tölt T7 og varð í 2. sæti í Fjörgangi V5

Í liðinu voru einnig Anna Ágústa Bernharðsdóttir og Eygló Hildur Ásgeirsdóttir

Einnig voru með í för tveir liðsstjórar frá Íslandi, þær Súsanna Katarína Guðmundsdóttir sem er fyrrum Cup fari og Auður Sigþórsdóttir sem sótt hefur leiðtoganámskeið á vegum FEIF (sem sagt er frá annars staðar í skýrslunni). Undirrituð fór á vegum FEIF og sá um aðstöðu þar sem krakkarnir gátu dvalið milli æfinga við spil og ýmiskonar föndur.



Á leið á setningarathöfn: Anna Ágústa úr Létti, Eygló Hildur úr Fáki, Kristján Árni úr Geysi, Egill Már úr Létti, Dagur Ingi úr Fáki, Arna Hrönn úr Borgfirðing, Gyða Sveinbjörg úr Sleipni, Melkorka úr Herði, Sigrún Högná úr Herði og fararstjórinn Andrea Margrét

Leiðtoganámskeið

Æskulýðsnefnd FEIF hefur síðastliðinn tvö ár staðið fyrir námskeiðum fyrir ungmenni á aldrinum 18 – 26 ára og er tilgangurinn að efla leiðtoga framtíðarinnar og tengslanetið innan Íslandshestamennskunnar. Kenndar eru leiðir til að æfa leiðtogahæfni í samskiptum við bæði hesta og menn. Hvernig byggji ég upp lið? Hvernig vinnum við saman sem lið? Hvernig á ég að eiga samskipti á efsta stigi? Þessi námskeið hafa verið vel heppnuð og afar vinsæl. Dagana 9. – 11. nóvember munum við í æskulýðsnefnd LH standa fyrir slíku námskeiði á Íslandi, og sjáum við um allan undirbúning og skipulag. Til landsins koma um 35 ungmenni sem munu eyða helginni saman í aðstöðu Eldhesta í Ölfusi. Aðalfyrirlesarar eru þær Anna Steinsen og Karen Woodrow.

Nýliðun

Mikið hefur verið rætt um nýliðun meðal hestamanna og allir sammála um að þar þarf að gera áttak svo ekki fækki okkur hestamönnum í framtíðinni. Nokkur hestamannafélög hafa markvisst unnið að verkefnum til eflingar nýliðunar. Hafa þau ráðið reiðkennara til að halda utanum svokölluð félagshesthús þar sem börnum, unglíngum og ungmönnum er gefin kostur á að taka hesta í „fóstur“ og deila þá jafnvel tvö þeirra hesti. Þó mikið hafi verið rætt um nýliðun og verkefnið áriðandi þarf að koma til aukinn stuðningur sveitarfélaga til að slík verkefni séu gerleg. Allt kostar þetta jú peninga og ekki á allra félaga færi að halda úti mörgum hestum á húsi, jafnvel í leiguhúsnæði. Við í æskulýðsnefnd LH viljum hvetja alla þá sem tækifæri hafa til, að beita þrýstingi heima í héraði og styðja við þau börn, unglínga og ungmenni sem vilja stíga sín fyrstu spor í hestamennskunni. Viljum við sérstaklega beina orðum okkar til stjórnarmanna félaganna.

Æskulýðsbíkar LH

Frá því árið 1996 hefur Æskulýðsbíkar LH verið veittur því félagi sem skara hefur þótt framúr í æskulýðsstarfi síðastliðins starfsárs. Hestamannafélögin senda inn skýrslur þar sem starfinu í félögunum eru gerð skil og er valið unnið úr þeim skýrslum. Skýrslurnar er allar aðgengilegar á heimasíðu LH. Á formannafundi LH 2017 hlaut hestamannafélagið Brimfaxi bíkarinn fyrir öflugt æskulýðsstarf. Ungt félag sem hefur þróað öflugt æskulýðsstarf.

Þau félög sem hlotið hafa æskulýðsbíkarinn til þessa eru:

<i>1996 Léttir</i>	<i>2005 Andvari</i>	<i>2014 Fákur</i>
<i>1997 Gustur</i>	<i>2006 Léttir</i>	<i>2015 Sprettur</i>
<i>1998 Sörli</i>	<i>2007 Máni</i>	<i>2016 Sörli</i>
<i>1999 Hörður</i>	<i>2008 Þytur</i>	<i>2017 Brimfaxi?</i>
<i>2000 Freyfaxi</i>	<i>2009 Dreyri</i>	<i>2018 ??</i>
<i>2001 Máni</i>	<i>2010 Logi</i>	
<i>2002 Smári</i>	<i>2011 Hörður</i>	
<i>2003 Fákur</i>	<i>2012 Sleipnir</i>	
<i>2004 Blær</i>	<i>2013 Sindri</i>	

Framundan

Nóvember:

Eins og fyrr er getið verður leiðtoganámskeið hér á landi á vegum æskulýðsnefnda FEIF og LH.

2019 Feif Youth Camp

Feif Youth Camp verður haldið á Íslandi á næsta ári og er undirbúningur hafin fyrir mótið. Ekki er búið að fastsetja dagsetningar en þátttakendur gætu orðið um 40 ungmenni frá öllum aðildarlöndum FEIF.

2020 Feif Youth Cup

FEIF Youth Cup 2020 verður haldið í Danmörku.

Í lokin

Eins og áður erum við í æskulýðsnefndinni alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja æskulýðsmálefni og hvetjum þá sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum á að verkefni nefndarinnar er að vera æskulýðsfulltrúum innan handar í þeirra starfi.

f.h. Æskulýðsnefndar LH

Helga Björg Helgadóttir formaður



Slökun á kvöldvöku



Hópefli



Ánægð að keppni lokinni í Tölt in Harmony